

FUNDARGERÐ

Verkheiti:	Hjúkrunarheimilið á Patreksfirði - Áætlunargerð
Málsnúmer:	608 7050
Fundarstaður:	Teams - Sprettur, Borgartún 26
Dagsetning:	5.10.2023
Fundinn sátu:	Gylfi Ólafsson HVEST Guðrún Fanney Sigurðardóttir, HRN Þórdís Sif Sigurðardóttir, Vesturbyggð Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð Hildur Georgsdóttir, FSRE Örn Baldursson, FSRE Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð Hildur Elísabet Pétursdóttir, HVEST Magnús A. Sveinbjörnsson, HVEST Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, HVEST Una Eydís Finnsdóttir, FSRE
	Verkkaupafundur/ undirbúningsnefnd nr. 18

Skáletrun = fjarverandi

Dagskrá:

1. Upprifjun.

Gylfi og Þórdís Sif fóru yfir forsögu málsins og röktu helstu vörður í verkefninu. Þau ítrekuðu að mikil og brýn þörf er fyrir breytingar á húsnæðinu og notendur orðnir langeygir eftir nýrri og endurnýjaðri aðstöðu. Upp kom mygla á ýmsum stöðum í húsinu sem mikilvægt er að bregðast við. Ástandsskoðun hefur leitt í ljós þörf fyrir því að koma drenlögnum fyrir við norðurhlíð á vesturálmu sjúkrahússins. Ljóst er að verkefnið hefur dregist af ýmsum gildum ástæðum og allir gera sér grein fyrir að verkefnið er flókið. Einnig var tekið fram að það er ósk HVEST að hægt verði að efna til nafnasamkeppni um hjúkrunarheimilið þegar hönnun verði lokið.

2. Núverandi staða

Rakin var staðan á verkefninu eins og hún er í dag miðað við óbreyttar forsendur.

Staðan er þessi:

- Unnið hefur verið að undirbúningi gagna fyrir opna, tveggja þrepa hönnunarsamkeppni.
- Dómnefnd hefur fundað sjö sinnum til að vinna að samkeppnislýsingu. Á þeim fundum var áhersla lögð á að raunhæfar óskir verkkaupa kæmust á blað í samkeppnislýsingunni svo hönnuðir gætu skilið hverjar óskir verkkaupa og notenda eru.
- Vinnan við fylgigögn með samkeppni leiddi í ljós ákveðinn skort á upplýsingum svo vel megi vera í hönnunarsamkeppni. Verið er að greina burðarþol í vesturhluta byggingarinnar og Vesturbyggð er að skoða gerð uppfærðs lóðarblaðs. Einnig var farið í vinnu við gerð þrívíddargagna og grunna svo núverandi fyrirkomulag hússins sé skýrt. Jarðvegsrannsóknir voru gerðar í desember 2021.

3. Útboðsform

Ljóst er að draga má lærdóm af undirbúningi og verkframkvæmdum vegna annarra hjúkrunarheimila hér á landi. Umræður fóru fram um útboðsleiðir og hvort fýsilegt væri að breyta um kúrs. FSRE mun útbúa minnisblað þar sem skerpt er á rökum fyrir því að halda okkur við núverandi útboðsform, en taka þó inn í myndina þær vörður og forsendur í útboðsferlinu sem ætlunin er að skili hagkvæmum niðurstöðum.

4. Varnargarður - krapaflóð

Skoða þarf betur með Veðurstofunni og fulltrúum Vesturbyggðar þær forsendur sem gefnar voru upp í frumathugun, um að byggja megi 10 metra út frá austurgafli upprunalegrar byggingar. FSRE mun boða fund með þeim aðilum.

5. Gögn sem til verða á undirbúningstímanum.

HVEST óskar eftir því að fá afrit af þeim gögnum sem til verða í aðdraganda útboðs, skýrslur og greiningar um bygginguna og bæta því í þeirra gagnasafn. Það er samþykkt að FSRE muni veita HVEST aðgang að gagnasvæðinu þegar gögnin verða tilbúin.

6. **Næsti fundur** verður haldinn föstudaginn 13. október kl. 09.00. Bæði á Teams og hjá FSRE, en stefnt er að því að senda fundarmönnum minnisblaðið fyrir fundinn.

Óformlegir fundir verða haldnir ef þörf er á um óljós mál sem koma upp.

Fundargerð ritaði Una Eydís Finnsdóttir, FSRE